



Þingfundargerð 32. ársþings Keilusambands Íslands 24. maí 2025 í húsnæði Íþróttabandalags Akraness (ÍA) að Þjóðbraut 13, 300 Akranesi.

1. Þingsetning

Jóna Guðrún Kristinsdóttir formaður (JGK) setur þing kl: 13:00

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

JGK tilnefnir Hafstein Pálsson (HP) sem þingforseta og Valgerði Rún Benediktsdóttur (VRB) sem þingritara og var það samþykkt samhljóða. Er það í þrítugasta sinn sem Hafsteinn Pálsson tekur að sér starf þingforseta fyrir KLÍ.

3. Kosnar fastanefndir

Engin var með athugasemdi við boðun þingsins og því telst það rétt boðað.

Gengið var til kosninga í kjörbréfnanefnd og er hún þannig skipuð:

- a. *Kjörbréfnanefnd*
 - i. Halldóra Íris Ingvarsdóttir ÍR
 - ii. Sigurður Ingvarsson Ösp
 - iii. Sigurður Guðmundsson ÍA

Kjörbréfnanefnd tók þegar til starfa.

Gengið var til kosninga í aðrar nefndir og eru þær þannig skipaðar:

- b. *Fjárhagsnefnd*
 - i. Halldóra Íris Ingvarsdóttir ÍR
 - ii. Laufey Sigurðardóttir ÍR
 - iii. Helga Sigurðardóttir KFR
- c. *Laganefnd*
 - i. Engar lagabreytingar liggja fyrir þinginu og því ekki þörf á að kjósa í laganefnd.
- d. *Allsherjarnefnd*
 - i. Jóhann Ágúst Jóhannsson ÍR
 - ii. Katrín Fjóra Bragadóttir KFR
 - iii. Bjarki Sigurðsson ÍR
- e. *Kjörnefnd*
 - i. Valdimar Guðmundsson ÍR
 - ii. Svavar Þór Einarsson ÍR
 - iii. Eva Hrund Willatzen Ösp

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

JGK þakkar Keilufélagi Akraness fyrir að hýsa þingið í ár.

JGK fer yfir að nú sé hennar þriðja ári sem formaður að ljúka og að það hafi verið jafn fjörukt og fjölbreytt og fyrri ár. Tilkynnir að hún hafi ákveðið að stíga frá borði. Sú ákvörðun sé ekki auðveld en tekin með hagsmunum sambandsins og íþróttarinnar í huga þar sem fjölskyldan sé að flytja úr landi og að ekki sé forsvaranlegt að formaður sambandsins sé svo langt frá starfseminni. Bindur vonir við það að á þinginu leynist kraftmikil og öflug manneskja sem er tilbúin að gefa sína krafta í þágu íþróttarinnar og halda áfram að leiða starfsemina til betri vegar.

JGK hrósar Keilufélagi Akraness fyrir hversu hart hefur verið barist fyrir viðgerðum og bættri aðstöðu. Ánægjulegt að sjá hversu hratt og vel gekk að koma salnum aftur í starfsemi eftir lokun enda hefur salurinn verið íþróttinni mikilvægur meðal annars til afreksæfinga. Einnig ánægjulegt að undirbúningur við stækkun keilusalarsins á Akranesi sé komin í góðan farveg. Það sé mikilvægt framfaraskref fyrir keiluíþróttina á Íslandi og hrósar Keilufélagi Akraness fyrir sína frábæru baráttu fyrir bættir aðstöðu og vel unnin störf í þágu íþróttarinnar.

Baráttan um aðstöðumálin í borginni hafi því miður ekki gengið eins vel en þrátt fyrir að sambandið og félögin í borginni hafi þrýst verulega á samtal hefur verið fátt um svör. Fer yfir að á nýafstöðnu þingi ÍSÍ hafi hún vakið athygli á aðstöðumálum keilunnar í tengslum við umræðu um áfengisveitingar á íþróttavirðurðum. Það skilaði sér í fjölmiðlaumfjöllun sem fylgt hefur verið eftir með erindi til formanns menningar- og íþróttaráðs Reykjavíkurborgar og ósk um fund með nýjum forseta ÍSÍ.

Fjármagnið sem keilunni er úthlutað í borginni hefur einnig haldað áfram að setja starfinu skorður og því hefur sambandið komið meira inn í mótahald til að tryggja að okkar stærstu mót geti farið fram. Aðstöðuleysið á Akureyri hefur einnig haft neikvæð áhrif á þátttöku þeirra iðkenda og liða sem þar gera allt sem þau geta til að vera virkir þátttakendur, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir af hálfu sambandsins virðist áhugi norðlendinga lítill á aðkoma upp aðstöðu fyrir þessa iðkendur.

Annað stórt mál á árinu var sú ákvörðun að enda samstarf við nýlega ráðinn yfirþjálfara af ýmsum ástæðum, meðal annars því að hans vinnubrögð samræmdust ekki því sem rætt var í ráðningarviðtali og fram kom í tengslum við hans ráðningu ásamt fleri þáttum. Nauðsynlegt sé að huga að framtíðarumgjörð um landsliðin.

Árlegu Reykjavíkurlíkarnir voru haldnir í byrjun febrúar og voru þeir aftur evróputúrstoð. Mótið gekk heilt yfir mjög vel en nauðsynlegt er að skoða þátttöku sjálfboðaliða fyrir næsta mót enda sé mikil vinna að halda svona mót og sú vinna lendi á fáum höndum. Þá hafi Úrvalsdeildin verið vel heppnuð nýung á árinu. JGK fór einnig yfir þátttöku og árangur á erlendir grundu.

JGK þakkar að lokum fyrir frábær ár, þau hafa vissulega verið krefjandi en sömuleiðis gefið henni mjög dýrmæta reynslu og fullt af nýjum og frábærum vinatengslum sem henni þykir ansi vænt um.

(Pistil formanns má lesa í heild sinni í [ársskýrslu](#) Keilusambands Íslands.)

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

Þórarinn Már Þórarinnsson (ÞMP) fer yfir ársreikning KLÍ.

Rekstrarekjur voru um 55,5 milljónir, rekstrargjöld um 60,5 milljónir og rekstrartap rúmar 4 milljónir. Eigið fé og skuldir eru um 28,6 milljón (sjá nánar í [ársskýrslu](#)).

Þingforseti gaf orðið laust um reikninga. Reikningar félagsins voru því næst bornir undir samþykki og voru þeir samþykktir samhljóða.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

BMP fór yfir [fjárhagsáætlun](#) KLÍ fyrir starfsárið 2026 og endurmetna áætlun fyrir starfsárið 2025. Vekur athygli á því að KLÍ er að fá aukið framlag frá ÍSÍ vegna afreksstarfs. Sá samningur er til eins ár og óvíst hvað verður til framtíðar þar sem aukið framlag byggist á samþykkt Alþingis. Fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar.

Niðurstöður kjörbréfanefndar

Þingforseti gefur kjörbréfanefnd orðið. Halldóra Íris Ingvarsdóttir talsmaður kjörbréfanefndar fer yfir niðurstöður hennar. Alls voru 24 þingfulltrúar mættir og skiptast þeir með eftirfarandi hætti:

- ÍR = 10
- Ösp = 3
- ÍA = 5
- KR = 1
- KFR = 5

Kjörbréf samþykkt samhljóða.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið

Engar lagabreytingar komið fram.

Fyrir þinginu lá [tillaga til umræðu um breytingar á reglum um vensl og rétt til verðlauna](#) frá Keiludeild ÍR. Valdimar Guðmundsson, formaður keiludeildar ÍR, fer yfir tillögurnar sem liggja fyrir þinginu. Málinu vísað til allsherjarnefndar til umræðu.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar

Katrín Fjóra Bragadóttir, formaður KFR, tekur til máls. Vekur athygli á því að KFR er í erfiðri stöðu þar sem aðalþjálfari liðsins er að færa sig yfir í annað lið og margir leikmenn að fylgja. Komið hefur til greina að skoða sameiningu við annað félag vegna þess. Spyr hvaða frestir séu í þeim málum t.d. varðandi skráningu liða fyrir næsta keppnistímabil. Málinu vísað til allsherjarnefndar til umræðu.

Sigurður Guðmundsson frá ÍA vekur athygli á því að það getur verið takmarkandi að ungmenni þurfi að æfa og spila í fullorðinsflokki með sama félagi. Mætti skoða breytingar á því. Málinu einnig vísað til allsherjarnefndar.

Þinghlé

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

Talsmaður *fjárhagsnefndar*, Laufey Sigurðardóttir, fer yfir niðurstöðu fjárhagsnefndar. Rætt um niðurstöðu vegna RIG en framkvæmdastjóri gaf skýringar á þeirri niðurstöðu. Fjárhagsnefnd var þá ekki með tillögur að breytingum og var fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

Talsmaður *allsherjarnefndar*, Jóhann Ágúst Jóhannsson, gerir grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar:

- *Tillaga að breytingu varðandi rétt til verðlauna* – Allsherjarnefnd leggur til að fyrirbyggjandi tillaga sé samþykkt, þ.e. að réttur til verðlauna fyrir keilutímabilið fari eftir því í hvaða deild keilari er skráður þannig að keilarar sem spilar í fleiri deildum vegna vensla taki ekki verðlaun nema í þeirri deild sem aðallið hans er skráð.

Tillaga allsherjarnefndar samþykkt á þinginu og gengur til stjórnar til afgreiðslu.

- *Tillaga varðandi breytingar á venslareglum* – Umræður í allsherjarnefnd voru eftirfarandi:
 - Horft verði til þess varðandi vensl að leikmaður sé ekki að spila margar deildir niður fyrir sig þ.e. að leikmaður í 1. deild geti spilað í gegnum vensl í 2. deild en ekki í 3. deild. Vensl séu þó alltaf heimil upp á við þ.e. að leikmanni í 3. deild sé heimilt að spila í gegnum vensl í 1. deild.
 - Ef leikmaður er skráður í lið A en spilar heildina af leikjum með liði B í gegnum vensl þá verði litið svo á að lið B sé hans aðal lið og verði hann sjálfkrafa skráður í lið B.
 - Allsherjarnefnd leggur ekki til að miðað sé við meðaltal varðandi heimild til vensla.
 - Ólík sýn á það hvernig fara á með vensl kvenna við lið í karladeildir. Nauðsynlegt að taka góða umræðu um það við félögin.

Allsherjarnefnd leggur til að öllum breytingum varðandi vensl verði vísað til stjórnar sem hafi samráð við félögin fyrir komandi keppnistímabil. Tillaga allsherjarnefndar samþykkt samhljóða.

- *Allsherjarnefnd ræddi einnig stöðu KFR sbr. umræður við 8. lið.*

Allsherjarnefnd skorar á stjórn KLÍ að taka vel á móti KFR, hvað varðar nauðsynlegar laga- eða reglugerðarbreytingar sama hver ákvörðun félagsins verður varðandi framtíðarstarf þess.

10. Önnur mál

Þingforsti flytur kveðju frá nýjum forseta ÍSí, stjórn og starfsfólki. Íþróttapíng var um liðna helgi og komin er nýr forseti og nýir stjórnarmenn. Líklegt að eitthvað verði um breyttar áherslur með nýju fólki.

Nauðsynlegt sé að standa vörð um Íslenska getspá (Lottó), eru fjármunir sem skipta íþróttahreyfinguna miklu máli. Mikilvægt að þeim lögum sem gilda um veðmálafarsemi í landinu sé fylgt eftir. Sé bæði mikilvægt fyrir íþróttahreyfinguna hvað varðar fjármagn en ekki síður mikilvægt lýðheilsuþáttur sökum vanda varðandi spilafíkn.

Ákveðið á þingi ÍSí að nota nú orðið íþróttahérað. Það voru margar lagabreytingar á þinginu sem koma til með að hafa áhrif á sérsamböndin og hvert og eitt félag. Mikilvægt að lög KLÍ verði uppfærð til samræmis við þær breytingar. Skiptir máli að vera með skýran ramma ef upp koma vandamál.

Minnir einnig á þjónustu samskiptaráðgjafa. Er ekki embætti sem er á vegum íþróttahreyfingarinnar heldur stjórnvalda og nær yfir allt æskulýðsstarf. Mikilvægt að hafa utanaðkomandi aðila sem getur tekið á þeim málum sem vísað er til samskiptaráðgjafa. Hvetur til þess að embættið sé nýtt ef á þarf að halda.

Óskar KLÍ góðs gengis á árinu, mikilvægt að halda áfram að góðu starfi og berjast í aðstöðumálum.

Magnús Reynisson spyr um fundargerðir stjórnar KLÍ. Formaður fer yfir að þær verði birtar eftir þingið. Formaður mun klára það áður en hún stígur frá.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á þing ÍSí

11.1. Kosning formanns til tveggja ára

Fyrir lá framboð Valgerðar Rúnar Benediktsdóttur til formanns.

Ekkert mótframboð kom og var hún því sjálfkjörin.

11.2. Kosið er um tvo aðalmenn í stjórn til tveggja ára.

Fyrir liggja eftirfarandi framboð:

- a. Jóhann Ágúst Jóhannsson (ÍR)
- b. Ársæll Erlingsson (ÍA)

Ekkert mótframboð kom og eru þeir því sjálfkjörnir.

11.3. Kosið um einn aðalmann í stjórn til eins árs.

Fyrir liggja eftirfarandi framboð:

- a. Guðmundur Sigurðsson (ÍA)

Ekkert mótframboð kom og var hann því sjálfkjörin.

11.4. Kosið um þrjá varamenn í stjórn til eins árs.

Fyrir liggja eftirfarandi framboð

- a. Helga Hákonardóttir – fyrsti varamaður (Ösp)
- b. Katrín Fjóra Bragadóttir – annar varamaður (KFR)
- c. Böðvar Már Böðvarsson – þriðji varamaður (ÍR)

Ekkert mótframboð kom og eru þau því sjálfkjörin.

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Fyrir lágu eftirfarandi framboð:

Aðalmenn: Einar Már Björnsson og Andri Freyr Jónsson.

Engin mótframboð bárust og voru þeir því sjálfkjörnir.

13. Þingslit

Þingforseti gefur nýjum formanni orðið. Nýr formaður þakkar fyrir traustið. Þakkar fyrrverandi formanni fyrir góð störf í þágu keilunnar sem og fráfarandi stjórn. Fer yfir að það sé ekki sjálfgefið að fólk sé tilbúið að gefa tíma sinn og orku í sjálfboðastarf fyrir íþróttahreyfinguna. Formaður fer yfir íþróttááhuga sinn, ástríðu fyrir keilustarfinu og von um að eiga gott samstarf við nýja stjórn og keilusamfélagið í heild svo áfram sé hægt að vinna að góðum verkum. Það sé mikilvægt að fókusa á þá þætti sem samfélagið hefur sjálft stjórn á og sýna fram á getu þess til ná árangri, þannig sé best hægt að hafa áhrif á þá þætti sem samfélagið hefur ekki sjálft forræði yfir s.s. aðstöðumál. Þá þakkar formaður þingforseta sérstaklega fyrir að hafa í 30 ár staðið vaktina sem þingforseti á ársþingum KLÍ.

Þingforseti þakkar fyrir hönd starfsmanna þingsins fyrir samstarfið. Óskar fundarmönnum góðs gengis við að efla íþróttina.

Þingforseti slítur að því loknu þingi 14:56.